



Vextir og bindiskylda við Seðlabanka Íslands

Vextir gilda frá og með 1. júní og 11. júní 2016

Bindihlutfall gildir frá og með 21. júní 2016

Með vísun til 10. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands ákveður Seðlabanki Íslands að vextir fjármálafyrirtækja við Seðlabankann skuli verða eins og að neðan greinir. Vextir samkvæmt liðum 1, 2 og 3 taka gildi 1. júní, skv. liðum 4 og 5 taka gildi 11. júní.

Vextir	Vextir á ári
1. Daglán ¹	7,50%
2. Lán gegn veði í verðbréfum ¹	6,50%
3. Innlán bundin í 7 daga ²	5,75%
4. Viðskiptareikningar	5,50%
5. Bindiskyldar innstæður	5,50%

Aðrir vextir eru ákveðnir af bankastjóra hverju sinni. Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi fellur úr gildi tilkynning um vexti og bindiskyldu við Seðlabanka Íslands frá 11. maí 2016.

Með vísun til 11. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands ákveður Seðlabanki Íslands að bindihlutfall liða í bindigrunni skuli verða eins og að neðan greinir en bindihlutfallið tekur gildi 21. júní 2016:

Bindihlutfall af bindigrunni 2,00%

Reykjavík, 1. júní 2016
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

1. Forvextir 2. Eftirágreiddir vextir